

7

24. febr.

5. gr.

Engan má sæma heiðursmerkinu, nema nefndarmenn allir séu því samþykkir og sérstök ástæða þyki til. Ef um erlendan ríkisborgara er að ræða, skal leita um-sagnar utanríkisráðherra Íslands áður en ákvörðun er tekin um veiting heiðurs-merkisins.

6. gr.

Eigi má veita fleiri heiðursmerki árlega en fimm, þó aldrei nema eitt fyrra stigs. Sá, er hlýtur æðra stig merkisins, skal skila hinu aftur, hafi hann verið sæmdur því.

Veiting heiðursmerkja skal að jafnaði fram fara á stofndegi Rauðakross Íslands, 10. desember.

Birta skal í Lögbirtingablaði og Stjórnartíðindum hverjir heiðursmerkið hljóta.

7. gr.

Rauðikross Íslands ber allan kostnað af heiðursmerki þessu.

8. gr.

Við andlát þess, er heiðursmerkið hefur hlotið, ber erfingjum að skila for-manni nefndarinnar merkinu aftur.

*Gjört að Bessastöðum, 24. febrúar 1949.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Stefán Jóh. Stefánsson.*

8

24. febr.

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 42 5. apríl 1948, um útflutning og innflutning á íslenzkum og erlendum gjaldeyri.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með sam-þykki mínu:

1. gr.

2. og 3. málsliður 1. mgr. 3. gr. laganna orðist svo:

Erlendan gjaldeyri, sem menn flytja til landsins, er eigi heimilt að selja öðrum en Landsbanka Íslands eða Útvegsbanka Íslands h/f, og skulu bankarnir færa upp-hæð hins selda gjaldeyris inn í vegabréf seljanda, ef hann er búsettur erlendis.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

*Gjört að Bessastöðum, 24. febrúar 1949.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Emil Jónsson.*